



Maí 2025

Sveitarstjórnarlög – **Breytingar til skoðunar**

| Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Atriði til skoðunar

Almennar stjórnsýsluumbætur	Samvinnukafli	Íbúalýðræði
Eftirlitskafli	Starfshættir kjörinna fulltrúa	Fjármálakafli
Atvinnubátttaka sveitarfélaga	Sameining sveitarfélaga	Annað



Almennar stjórnsýsluumbætur

- Skýr ákvæði um hvernig sveitarstjórnarfulltrúum er fjölgað eða fækkað.
- Skýrari ákvæði um boðun aukafundar sveitarstjórnar (eingöngu undantekningartilvik).
- Skýrari ákvæði um hvernig ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa fer fram.
- Skýrari ákvæði um framkvæmd sveitarstjórnarfundar ef oddviti nýtur ekki lengur trausts.
- Víkkun á gildissviði siðareglna og skylda/heimild til hagsmunaskráningar.
- Skýrari heimildir sveitarstjórnar til að framselja vald til byggðaráðs, fastanefnda, eða starfsmanna til að fullnaðarafgreiða mál.
- Heimild sveitarstjórnar til að gera aðalmann að varamanni.
- Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga.
- Skýrari reglur um hver tekur við fundarstjórn byggðaráðs/fastanefnda ef formaður og varaformaður boðar forföll.
- Skýrari heimildir um hvernig framsal á ráðningarvaldi fer fram.

Samvinnukaflí

Landshlutasamtök

- Skýrar verði kveðið á um hlutverk og verkefni landshlutasamtaka, form þeirra og aðkomu/aðild sveitarfélaga að þeim.
- Gert ráð fyrir að ráðuneytið/Sambandið gefi út leiðbeinandi samþykkt fyrir landshlutasamtök.
- Verkefni og formskilyrði landshlutasamtaka færð í reglugerð til að hægt verði að fylgja eftir þróun þeirra.

Byggðasamlög

- Aðkoma sveitarstjórnarfólks að byggðasamlögum skýrð/heimildir til upplýsingaöflunar, ákvarðanatöku o.fl. (lýðræðishalli).
- Skýrari ákvæði um slit byggðasamlaga.
- Formskilyrði byggðasamlaga færð í reglugerð og skýrð nánar.

Samvinna í sérlögum

- Skýrari ákvæði um samvinnu í sérlögum og formskilyrði hennar.

Samráð og íbúalýðræði

Nánari skilgreining
á samráði sveitarfélaga

Orðalagsbreyting
á ákvæði um gagnveitu

Niðurfelling ákvæðis um
borgarafund og íbúaþing

Eftirlitskafli

Fallið frá staðfestingarhlutverki
ráðuneytis á samþykktum og
samvinnusamningum

Málsmeðferð dagsekta
og annarra þvingunarúrræða
skýrð

Eftirlitshlutverk
ráðuneytisins
afmarkað nánar

Uppljóstraravernd

Greinarmunur á
frumkvæðismálum og
kvörtunarmáli

Starfshættir kjörinna fulltrúa

Nýtt ákvæði um rétt til aðstöðu
og aðbúnaðar

Orðalagsbreytingar
á rétti til þóknunar



Fjármál sveitarfélaga

- Breytt flokkun í reikningsskilum til samræmis við lög um opinber fjármál
- Jafnvægisregla taki sérstaklega til A-hluta
- Forgangsregla um að sveitarstjórnarlög og reglur um bókhald sveitarfélaga gangi framar en lög um ársreikninga varðandi fjármál sveitarfélaga
- Gerð fjármálastefnu og fjármálaáætlana til fimm ára í stað fjárhagsáætlunar til þriggja ára
- Reikningsskila- og upplýsinganefnd sameinuð eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitshlutverk nefndarinnar með fjárhagslegum ákvörðunum sveitarfélaga skýrt.




Atvinnuþátttaka sveitarfélaga – reglur til skoðunar

- Heimildir sveitarfélaga til að stofna einkaréttarleg félög
- Heimildir sveitarfélaga til að kaupa hlut í félögum
- Um tilgang félaga sem sveitarfélög eiga eða taka þátt í – sérstaklega félög sem ekki er fjallað um í lögum
- Um meðferð eignarhalds á einkaréttarlegum félögum innan stjórnerfis sveitarfélaga
- Um heimildir einkaréttarlegra félaga til að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar og heimildir sveitarfélaga til að veita eigin félögum fjárhagslega aðstoð
- Um heimildir sveitarfélaga til að njóta arðs af einkaréttarlegum félögum, þ.m.t. félögum sem starfa á grundvelli sérlaga, t.d. vatnsveitur, fráveitur, hitaveitur og hafnir.



Sameiningar sveitarfélaga

- Áfram verði stefnt að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði 1.000 og að sveitarfélög sem nái ekki því íbúamarki þurfí að taka ákvörðun um að sameinast eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins.
- Til greina kemur að leggja til ákvæði sem fjalla nánar um sjálfbærni sveitarfélaga og getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum, svo sem varðandi rekstur grunnskóla og félagsþjónustu



Annað til skoðunar

- Óskráðar meginreglur um jafnræði og gagnsæi við veitingu styrkja og úthlutun takmarkaðra gæða sveitarfélaga verði lögfestar
- Heimild sveitarfélaga til að veita íbúum sínum sérstakar ívilnanir í gjaldskrám vegna þjónustu sem sveitarfélög veita, t.d. vegna frístunda, safna, aðgang að sundlaug o.s.frv.
- Ákvæði 38. gr. um nefndir fyrir hluta sveitarfélags. Ráðuneytið hefur fengið rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri til að vinna rannsókn á fjölkjarna sveitarfélögum og reynslu af hverfisnefndum og ráðum eða heimastjórnum. Tekið verður til skoðunar hvort niðurstaða rannsóknarinnar muni gefa tilefni til breytinga á ákvæðinu.